



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. febrúar 2022

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, innflytjendarád), 152. Löggjafarþing, þskj. 380 – 271. mál.**

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður frumvarp þetta heils hugar og telur að með því að veita Fjölmenningssetri leiðbeiningar- og ráðgjafarhlutverk gagnvart sveitarfélögum vegna samræmdrar móttöku flóttafólks sé stigið mikilvægt skref í átt að tryggja jafna stöðu flóttafólks, jafnt milli sveitarfélaga og hvað varðar annars vegar þá sem koma á eigin vegum og óska eftir alþjóðlegri vernd og kvótaflóttafólk hins vegar. Mikilvægt er að jafna stöðu þessara tveggja hópa með tilliti til réttinda og þjónustu. Sama gildir og varðandi þá sem hingað koma vegna fjölskyldusameiningar við þá sem njóta alþjóðlegrar verndar hér á landi.

Fagnar MRSÍ því einnig að fulltrúa heilbrigðisráðuneytis skuli ætlað sæti í Innflytjendráði, enda verður vart tíundað mikilvægi þess að fólk á flóttu sem gengið hefur í gegnum margs konar hremmingar eigi greiða leið að heilbrigðisþjónustu. Má þar og vísa til fatlaðs fólks í leit að alþjóðlegri vernd, í mörgum tilvikum skiptir skjóttur viðbragðstími og gott aðgengi að nauðsynlegri þjónustu höfuðmáli.

Viðröðingarfyllst,

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Túngata 14, 1. hæð – 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20 –  
Netfang/ E-mail: [info@humanrights.is](mailto:info@humanrights.is)